


kristilegt“ eða ekki, fara þeir sem hlýða samvизkuskipuninni á undan setningaboðum vanans, ekki hótíð minsta eftir því.— Mönnunum miðar áfram, jörðin snýst, og vilji kyrkjutrúin ekki „snúa sér líka og lifa“, þá fer hún veg allrar veraldar og deyr?

Og það er þetta, sem nútíðin er að sýna oss betur og betur. Þegar trúin sjálf vill ekki viðurkenna það sannleiksgildi, sem skynsemin krefst—þegar hún vill ekki snúa sér og lifa, snúa menn sér frá henni til þess að bjarga lífi sinna hæstu og dýrmætustu hugsjóna, lífi þess, sem gerir hjartað tómmt og snauft að lifa án, og æfina gæfu og gleði snauða.

Þessir menn eru ekki trúlausir fyrir því. Þeir trúa á lífið, en ekki dauðann. Á upprisuna í lifanda lífi úr huggunarsnaudu-um fávizku gorgeir og synda drýgindum til æðri tilveru er taka í faðm sér gleðina, ljósið og daginn.



Það þarf tæplega að minna á trúfrelsis framfarirnar á Frakklandi á síðastliðnu ári, þegar verið er að íhuga horfur frjálsra trúmála, svo mikið er búið að rita um það mál og ræða, sem eðlilegt er. Yfirdrottunur kaþólskunnar, er staðið hefir þar í landi nú í 18 aldir, að kalla má, er nú lokið, og kyrkjan verður að setta sig við það hér eftir að þiggja vald sitt og friðhelgi frá lýðstjórninni frönsku og slá af fornum metnaði, að hjá sér sé „mátturinn og dýrðin“. Franska kaþólskan lagði til einhverja fyrstu píslarvotta kyrkjunnar þegar á annari öld, en nú er það fer að kosta það að gera þjóðina að píslarvottum á 20. öld til þess að viðhalda lífi þessarar fornu stofnunar, tekur lög-gjafarvald þjóðarinnar í strenginn.

Út um Evrópu hefir þetta tiltæki Frakka orðið frjálstrúar-hreyfingunum til stórmikils sigurs. Á Þýzkalandi hefir frjáls-trúarmönnum fjölgað að stórum mun, og eru þar nú fjölmenn félög, er vinna að útbreiðslu frjálsra trúarskoðana. Mætti nefna Rínár-sambandið, Rínár og Vestphalíska sambandið, Protestanten-Verein og safnaðarfélag Fríhyggjenda. Öll þessi félög telja nú orðið yfir 2000 söfnuði og 300.000 meðlimi. Trú-arkenningar þeirra eru það sem vér höfum hér Unitarar, þótt þau gangi undir þessum ýmsu nöfnum. Áhrif þeirra eru farin